

## Svar

### forsætisráðherra við fyrirspurn frá Önnu Kolbrúnu Árnadóttur um jólagjafir opinberra stofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu miklu fé hafa opinberar stofnanir varið í jólagjafir til starfsmanna sinna ár hvert undanfarin fimm ár?*

Ráðherrar fara með og bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, hver á sínu málefna-sviði, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, skal fyrirspurn alþingismanns til ráðherra vera um mál sem ráðherra ber ábyrgð á. Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022, sbr. forsetaúrskurð um skiptingu starfa ráðherra, nr. 7/2022, heyra eftirfarandi stofnanir stjórnarfarslega undir forsætisráðherra: 1) Seðlabanki Íslands, 2) Hagstofa Íslands, 3) ríkislögmaður, 4) óbyggðanefnd, 5) umboðsmaður barna og 6) Jafnréttisstofa. Óski fyrirspyrjandi eftir upplýsingum um stofnanir á ábyrgðarsviði annarra ráðherra er rétt að hann beini sérstökum fyrirspurnum þar að lútandi til hlutaðeigandi ráðherra.

Við vinnslu svarsins var óskað eftir upplýsingum frá stofnunum sem heyra stjórnarfarslega undir forsætisráðuneytið samkvæmt framangreindum forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna í Stjórnarráði Íslands. Eftirfarandi tafla sýnir hversu miklu fé stofnanir hafa varið í jólagjafir til starfsmanna síðastliðin fimm ár:

	Heildarkostnaður jólagjafa				
	2018	2019	2020	2021	2022
Seðlabanki Íslands	3.600.000	3.568.500	6.141.810	7.325.000	7.575.000
Hagstofa Íslands	2.248.500	2.752.000	3.350.247	3.545.000	4.260.000
Umboðsmaður barna	70.933	107.382	212.085	218.465	221.472
Óbyggðanefnd	45.660	45.750	102.915	20.113	50.000
Jafnréttisstofa	99.900	80.000	65.881	88.110	124.220
Ríkislögmaður	0	0	0	0	187.200